

**AUGLÝSING**  
**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 352/1998**  
**fyrir Sjálfseignarstofnunina OK.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. orðist svo:

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Ársreikning stofnunarinnar ásamt skýrslu um starfsemi undangengis almanaksárs skal stjórn leggja fram á árlegum fundi skv. 7. gr. Ársreikningar skulu áritaðir af skoðunarmönnum og stjórn. Skoðunarmenn skulu kjörnir á árlegum fundi sem halda skal skv. 7. gr., til eins árs í senn. Kjósa skal tvo aðalmenn og tvo til vara. Um kjörgengi þeirra skal gilda það sama og um kjör stjórnarmanna. Ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar. Rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár skal stjórn gera fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina OK staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 10. október 2011.*

F. h. s.  
**Björn Ingi Óskarsson.**

---

*Lára Kristín Gísladóttir.*